

# Eftirfylgni: *Bílanefnd ríkisins*

## Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki tvær ábendingar sem stofnunin beindi til fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2015. Ábendingarnar sneru að því að fella þyrfti úr gildi reglugerð um bifreiðamál ríkisins og leggja niður bæði bílanefnd ríkisins og samstarfsnefnd um niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum björgunarsveita.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er til skoðunar að færa verkefni samstarfsnefndarinnar til tollstjóra líkt og Ríkisendurskoðun lagði til. Þá verða reglur um bifreiðamál ríkisins mögulega teknar til heildarendurskoðunar eftir að lög um opinber fjármál hafa verið að fullu innleidd. Aftur á móti eru engin skýr áform um að leggja niður bílanefnd ríkisins. Sem fyrr er það mat Ríkisendurskoðunar að nefndin sé óþörf í nútíma stjórnýslu og starfsemi hennar á skjön við ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana. Þrátt fyrir það sér stofnunin ekki tilgang með að ítreka ábendinguna enda hefur afstaða ráðuneytisins um að starf nefndarinnar sé í raun árangursríkt í engu breyst frá því að Ríkisendurskoðun lagði fyrst til að hún yrði aflögð árið 2012.

## Skýrsla Ríkisendurskoðunar árið 2012

Í skýrslunni [Bílanefnd ríkisins](#) (2012) kannaði Ríkisendurskoðun hlutverk nefndarinnar og hvort ástæða væri til að breyta skipulagi á bílamálum ríkisins, m.a. hvort þörf væri á sérstakri samstarfsnefnd um niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum björgunarsveita. Í skýrslunni kom fram að hlutverk bílanefndar ríkisins væri að aðstoða fjármála- og efnahagsráðuneyti við framkvæmd reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins og hafa eftirlit með því að ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins fylgdu ákvæðum hennar, m.a. hvað sneri að kaupum og leigu bifreiða og gerðar akstursamninga við starfsmenn.

Að dómi Ríkisendurskoðunar var erfitt að meta hvort eða í hvaða mæli bílanefnd ríkisins hefði tekist að draga úr kostnaði ríkisins. Ekkert árangursmat hafði farið fram á starfsemi hennar og fundargerðir hennar voru takmarkaðar. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að nefndin væri óþörf. Lagði stofnunin til að samningar um kaup eða leigu bifreiða

myndu lúta sömu reglum og önnur innkaup ríkisstofnana sem færu fram innan rammamanna og að forstöðumenn ættu að bera fulla ábyrgð á gerð akstursamninga við starfsmenn. Þá væri eðlilegt að tollstjóri afgreiddi umsóknir um niðurfellingu vörugjalds á ökutækjum björgunarsveita án aðkomu samstarfsnefndar enda skýr ákvæði í lögum og reglugerðum um hvernig standa skuli að niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum. Auk þess tæki embættið ákvörðun um niðurfellingu vörugjalda af öðrum búnaði björgunarsveita. Ríkisendurskoðun beindi því til fjármála- og efnahagsráðuneytis að fella þyrfti reglugerð um bifreiðamál ríkisins úr gildi og leggja niður báðar nefndirnar. Ráðuneytið tók ekki undir röksemdir Ríkisendurskoðunar heldur taldi reglugerðina þvert á móti nauðsynlega og starf bílanefndar ríkisins árangursríkt.

## Ítrekaðar ábendingar árið 2015

Ríkisendurskoðun fylgdi ábendingum sínum eftir árið 2015, sbr. skýrsluna [Eftirfylgni: Bílanefnd ríkisins](#). Þá reyndist staða mála óbreytt, þótt ný reglugerð nr. 1281/2014 um bifreiðamál ríkisins hefði verið sett. Í svörum fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvort og hvernig brugðist hefði verið við ábendingunum ítrekaði það fyrri sjónarmið sín frá 2012. Leiðbeiningar sem bílanefnd ríkisins hefði veitt ríkisaðilum og formfesta í ákvarðanatöku hefði skilað sér í samræmdari framkvæmd bílamála ríkisins. Ráðuneytinu þætti rétt að bíða með endurskoðun reglna um bílamál ríkisins þar sem endurskoðun á lögum um opinber innkaup stæði fyrir dyrum. Þá gerði ráðuneytið ráð fyrir því að málsmeðferð samstarfsnefndar um niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum björgunarsveita hefði stuðlað að því að sérstaklega væri vandað til beiðna um undanþágur vegna farartækja björgunarsveita. Á meðan bílanefndin væri starfandi taldi ráðuneytið rétt að fyrirkomulagið yrði óbreytt.

Ríkisendurskoðun ítrekaði báðar ábendingar sínar til fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2015. Í fyrsta lagi að fella þyrfti úr gildi reglugerð um bifreiðamál ríkisins og leggja þar með niður bílanefndina. Í öðru lagi að samstarfsnefnd um niðurfellingu vörugjalds á ökutækjum björgunarsveita yrði aflögð og verkefni hennar yrðu alfarið á hendi tollstjóra.

## Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2018

Í nóvember 2017 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að fjármála- og efnahagsráðuneyti upplýsti um hvort, hvenær og hvernig brugðist hefði verið við ábendingum stofnunarinnar frá 2015. Svar barst í febrúar 2018. Samkvæmt því hefur ekki enn verið ákveðið að leggja bílanefnd ríkisins niður. Ráðuneytið ítrekaði þau sjónarmið sem komu fram 2012 og 2015. Starf nefndarinnar hefði skilað sér í betri og samræmdari framkvæmd bílamála ríkisins en annars hefði verið. Ástæðan væri sem fyrr m.a. þær leiðbeiningar sem bílanefndin hefur veitt ráðuneytum og stofnunum, formfesta í ákvarðanatöku sem hefur verið viðhöfð, ásamt vissu ráðuneyta og stofnana um að farið sé vandlega yfir hverja umsókn um akstursgreiðslur og bílakaup. Framkvæmd bílamála ríkisins væri því hagkvæmari og með betri hætti en annars væri með hliðsjón af þeim tiltölulega litla kostnaði sem nefndin hefði í för með sér.

Ríkisendurskoðun dregur í efa að hægt sé að fullyrða að núverandi framkvæmd bílamála sé hagkvæmari en annars væri þar sem samanburð skortir. Ráðuneytið hefur ekki lagt fram nein hlutlæg gögn sem staðfesta þá fullyrðingu auk þess sem mat á árangri nefndarinnar liggur ekki fyrir. Það er enn skoðun Ríkisendurskoðunar að nefndin sé óþarfa milliliður í nútíma stjórnýslu og að hana beri að leggja niður. Stjórnendur stofnana og ráðuneyta geta annast kaup og leigu á bifreiðum í samræmi við skilyrði laga um opinber innkaup og þá rammasamninga sem Ríkiskaup hafa gert við birgja án aðkomu sérstakrar bílanefndar. Benda má á að slíkir rammasamningar hafa verið í gildi frá árinu 2014. Nefndin sé heldur ekki nauðsynleg til að tryggja samræmda framkvæmd og eftirlit með aksturssamningum í samræmi við gildandi reglur. Ábyrgð á slíkum samningum á heima á herðum forstöðumanna viðkomandi stofnana.

Ríkisendurskoðun fellst ekki á það sjónarmið fjármála- og efnahagsráðuneytis að bílamál séu þess eðlis að forstöðumenn stofnana eigi ekki alfarið að bera ábyrgð á þeim heldur þurfi að fela tilteknum aðila meðferð þeirra, ábyrgð og afgreiðslu til samræmingar og eftirlits, líkt og eigi við um húsnæðis- og framkvæmdamál ríkisins. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki hægt að leggja þau verkefni að jöfnu við kaup og leigu ökutækja en forstöðumenn taki iðulega viðameiri ákvarðanir en um bílaviðskipti. Auk þess telur Ríkisendurskoðun að nefndina skorti formleg úrræði til að framfylgja eftirlits- og umsjónarhlutverki sínu.

Ráðuneytið tók fram í svari sínu að ekki væri útilokað að ákveðið yrði að endurskoða reglur um bílamál ríkisins í framhaldi af vinnu við innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál. Enda væri markmið laganna vissulega að auka svigrúm og ábyrgð einstakra ráðuneyta og forstöðumanna varðandi ýmsar fjárhagslegar og rekstrarlegar ákvarðanir.

Ríkisendurskoðun bendir á að rúm tvö ár eru liðin síðan ný lög um opinber fjármál tóku gildi og um eitt og hálf ár síðan ný lög um opinber innkaup tóku gildi. Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæðulaust að draga það lengur að leggja bílanefnd ríkisins niður. Stofnunin telur enda að slík breyting væri mjög til bóta og í anda breytts lagaumhverfis. Ríkisendurskoðun sér þó ekki tilgang með að ítreka ábendinguna öðru sinni.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytis kom einnig fram að til skoðunar væri hjá skrifstofu skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneyti að niðurfellingar á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti af ökutækjum björgunarsveita yrðu færðar til tollstjóra. Það myndi kalla á breytingar á reglugerð og setningu verklagsreglna hjá embættinu. Einnig væri til skoðunar hvort það myndi kalla á breytingu á því lagaákvæði sem fjallar um niðurfellingu aðflutningsgjalda og virðisaukaskatts af björgunarbúnaði. Ríkisendurskoðun telur að það yrði til mikilla bóta verði samstarfsnefndin lögð niður og verkefni hennar flutt til tollstjóra. Þar sem málið virðist í farvegi ítrekar stofnunin ekki ábendingu sína en hvetur til þess að málið verði klárað sem fyrst.

## Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.